

Sp.

392. Tillaga til þingsályktunar

[156. mál]

um skipun samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka til þess að finna grundvöll í kaupgjaldsmálum.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að félagssamtök atvinnurekenda og verkalýðssamtökin í landinu skipi fulltrúa í samvinnunefnd, er hafi það hlutverk að afla upplýsinga frá ári til árs um afkomu atvinnuveganna og hag almennings í þeim tilgangi, að leita megi álits nefndarinnar, þegar ágreiningur verður — eða ætlar að verða — um kaup og kjör.

Greinargerð.

Öllum þjóðhollum mönnum kemur saman um, að friður milli atvinnurekenda og kaupþega sé þjóðarnauðsyn. Til þess að sá friður geti orðið varanlegur, þarf réttláta kjarasamninga.

Ef meta á, hvað sé sanngjarnt kaup og réttlát kjör, þarf rólega athugun og hagfræðilega. Viðunandi kjarasamningar og friðsamlegir fást tæplega, nema á slíkri athugun sé byggt og sá skilningur ríki, að þannig eigi að leita grundvallarins í þessum málum.

Verkföll og verkbönn knýja fram úrslit í vinnudeilum, en eru neyðarúrræði, af því að þar ræður aflsmunur, en ekki réttlæti. Þær aðferðir skapa aldrei grundvöll fyrir vinnufriði til frambúðar. Íslendingar hafa hvað eftir annað eytt miklum tíma og fjármunum í verkföll. Nauðsynlegt er, að þjóðin geri ráðstafanir til þess, að þetta endurtaki sig ekki án fyllsta tilefnis.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að mikilsvert sé, að atvinnurekendur og kaupþegar hafi sameiginlega nefnd starfandi frá ári til árs, skipaða jafnmörgum fulltrúum frá beggja hálfu, er hafi það hlutverk að gefa upplýsingar og leggja fram rökstutt álit sitt til leiðbeiningar, þegar ágreiningur ætlar að verða — eða verður — um kaup og kjör. Með þeim hætti væri sameiginlegur viðbúnaður og menningarlegur hafður til þess að koma í veg fyrir, að ófriður rísi milli atvinnurekenda og þeirra, er selja þeim vinnu sína.

Af beggja aðila hálfu yrðu í þessari leiðbeininganefnd menn, sem þeir, er þá kysu, tortryggðu ekki um skort á velvilja í sinn garð.

Nefndin gerði athuganir sínar, eins þótt enginn ágreiningur lægi fyrir, og gæti þess vegna leiðbeint hlutaðeigendum, áður en til uppsagnar á samningum kæmi, hvað þá verkfalls eða verkbanns.

Hjá nefndinni yrðu sjónarmið aðilanna metin, áður en þeir segðu sundur með sér og hiti baráttunnar fer að torvelða samkomulag.

Allir, sem vilja, að skynsemi, réttlæti og samkomulag ríki á þessum vettvangi þjóðfélagsins, hljóta að geta fallizt á skipun nefndarinnar, a. m. k. sem tilraun til þess að hefja viðskipti stéttanna yfir aflraunir verkfalla og verkbanna og firra þjóðina fjárhagstjóni af vinnustöðvunum.

Eðlilegt er, að Alþingi feli ríkisstjórninni að hlutast til um það, að nefndin verði skipuð.